

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

### **Efni: Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samstarf Reykjavíkurborgar við Stafrænt Ísland**

Vísað er til bréfs, dagsett 12. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn frá þjónustu- og nýsköpunarsviði um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samstarf Reykjavíkurborgar við Stafrænt Ísland.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að samþykkt verði að óska eftir frekara samstarfs við Stafræna Íslands og fjölga kjarnavörum sem í dag eru aðeins þrjár hjá Reykjavíkurborg: *Stafrænt pósthólf*, *Innskráning fyrir alla* og *Straumurinn*. Borginni stendur til boða að nota allar kjarnavörur Stafræna Íslands og er lagt til að borgarráð feli þjónustu- og nýsköpunarsvið ásamt stafrænu ráði að athuga með að innleiða fleiri vörur frá Stafræna Ísland og island.is sem skilað gætu ávinningi.

Eins og í fjölmörgum svörum og kynningum sviðsins hefur komið fram er nú þegar virkt og gott samstarf á milli þjónustu- og nýsköpunarsviðs og Stafræns Íslands. Það felst m.a. í reglulegu samráði, samræmingu tækniuhverfa og gagnkvæmri nýtingu stafrænna lausna, t.d. samráðsgátt. Þjónustu- og nýsköpunarsvið fyrir hönd Reykjavíkurborgar hefur innleitt eða er að innleiða allar viðeigandi þjónustur Stafræns Íslands en auk þess sem talið er upp í tillögunni stendur innleiðing umboðskerfis yfir og eins hefur lausnin sem nefnd er Ísland.is verið innleidd.

Þær þjónustur sem ekki hafa verið innleiddar og verða ekki innleiddar að sinni eru eftirfarandi: *Stafræn skírteini* en eins og staðan er í dag er ekki þörf að innleiða skírteinalausn í starfsemi borgarinnar en það kann að verða síðar og þá verður þessi þjónusta metin eins og aðrar. *Umsóknarkerfi* Stafræns Íslands hefur ekki verið innleitt enda innleiddi Reykjavík slíka lausn nokkrum árum áður en þessi þjónusta var gefin út og greining hefur leitt í ljós að það er hvorki nauðsynlegt né hagkvæmt að skipta þeirri lausn út fyrir þessa. *Vefir stofnana* er þjónusta hefur ekki verið innleidd enda hentar sú lausn ekki vefsvæði af þeirri stærð sem Reykjavík rekur. Einnig hefur borgin rekið sitt vefsvæði í opinni og frjálsri lausn í yfir áratug og telur ekki ástæðu til að fara út úr þeirri lausn að sinni. *Stjórnborð* hefur ekki verið innleitt enda ótengt starfsemi borgarinnar eins og staðan er í dag en borgin hefur rekið sambærilega lausn frá árinu 2019. Eftir



standa þá tvær þjónustur sem snúa að svipaðri virkni en það er *Mínar síður* og *Ísland.is appið*. Undanfarið hefur verið unnið mjög mikið starf innan þjónustu- og nýsköpunarsviðs í að laga bakenda fjölmargra þjónusta sem birta upplýsingar á svokölluðum Mínnum síðum. Einnig hafa eldri mínar síður sem nefndar voru Rafræn Reykjavík verið útleiddar. Reykjavík er því komin á þann stað að geta hafið samstarf við Stafrænt Ísland um að sameina Mínar síður borgarinnar við Mínar síður Stafræns Íslands og hefur þjónustu- og nýsköpunarsvið þegar óskað eftir samstarfi við viðeigandi aðila um það verkefni. Forgreining stendur yfir um þessar mundir.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið telur því á þessari stundu ekki nauðsynlegt að leita formlega eftir frekari samstarfsmöguleikum enda eru fletir til samstarfs og samvinnu stöðugt í skoðun og mjög virkt samtal, góð samskipti og skilningur á milli aðila til staðar.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,  
sviðsstjóri